

Málproski og læsi – leikskólaaldur

Ráð til foreldra



Undirbúningur lestrarnáms

Lestur byggist á tungumálinu. Það má því segja að lestrarnám barnins byrji um leið og það fer að veita máhljóðum tungumálsins athygli, reyna að tjá sig og skilja það sem sagt er. Málumhverfi barna hefur því mikil áhrif á hvernig þau eru í stakk búin fyrir lestrarnámið en til þess að geta lesið þurfa þau að hafa gott vald á máltjáningu og mál-skilningu.

Hvernig er hægt að efla málproska barna?

Hægt er að stuðla að auknum málproska m.a. með því að:

- hlusta á börnin og tala við þau
- syngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- hvetja börnin til að segja frá atburðum og sögum og nota málið í mismunandi samhengi
- lesa fyrir þau sögur og bækur sem innihalda litríkt mál og góðan orðaforða
- ræða og útskýra lesefnið jöfnum höndum
- spyrja spurninga til að athuga hversu vel börnin fylgjast með
- biðja börnin um að giska á framhald og sögulok til að skapa eftirvæntingu og gera þau að meiri þátttakendum í sögunni
- halda áfra að lesa bækur fyrir börnin á meðan og eftir að þau eru að ná tókum á lestrinum.




Hugtök tengd ritmálinu

Börn þurfa að þekkja algeng hugtök sem tengjast ritmálinu.

Þá er t.d. átt við hugtök eins og orð, stafur, lína, setning, orðabil, punktur og blaðsíða. Gott er að nota tækifærið til að kenna börnunum þessi hugtök um leið og lesið er fyrir þau.

Börn þurfa einnig að átta sig á hefðbundinni lesátt. Gott er að láta fingur fylgja orðunum í línunni um leið og lesið er þannig að barnið tileinki sér smám saman lesáttina og áður nefnd hugtök.



Mál- og/eða lestrarerfiðleikar í fjölskyldunni

Góð máltilfinning og þekking á máli er mikill styrkur hjá þeim sem glíma við lestrarerfiðleika og getur hjálpað þeim mikið við að yfirvinna þá.

Ef vitað er um mál- og/eða lestrarerfiðleika hjá nánnum ættingja er gott að vera vel vakandi fyrir einkennum þeirra hjá barninu og byrja strax að vinna með málþætti sem vitað er að styrkja lestrarnámið.

Varist þó að skapa óþarfa álag eða áhyggjur hjá barninu eða öðrum.

Frávik í málþroska

Börn sem hafa frávik í málþroska eiga á hættu að lenda í erfiðleikum með lestur. Þó verður að hafa í huga að ekki eru bein tengsl á milli lestrarerfiðleika og málerfiðleika. Skoða verður hvert tilvika fyrir sig.

Hafi foreldrar grun um málþroskafrávik hjá barni sínu er hægt að leita til sérfræðinga innan leikskólans og fá ráðgjöf.

Talmeinafræðingar búa yfir sérhæfðri þekkingu og úrræðum til að bregðast við frávikum í málþroska. Í framhaldi greiningar leggja þeir fram vinnuáætlun, bæði fyrir foreldra og skóla um hvernig best sé að vinna áfram með barninu.

